


Gildandi skipulag




Breytt skipulag

Mkv.: 1:1.000




Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018
Mkv.: 1:10.000

## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk, lóðir
- Mörk sérafnotahluta
- Byggingarreitur
- Bindandi byggingarlína
- Byggingarreitur léttra útbygginga
- L L — Leiksvæði innan lóða
- FII-n — Fjölbýlishús, 2 hæðir, n íbúðir
- RI-n — Raðhús, 1 hæð, n íbúðir
- bg-4 — Bílageymsla, 4 bílar
- Bílastæði
- Gangstígur
- O — Opið óbyggt svæði
- Grunnkort: Götur, hæðarlínur

## Ný tákn

- Mörk gatna, gangstétta og opinna svæða
- Kvöð um lagnir innan lóðar
- Kvöð um almennan göngustíg innan lóðar
- Núverandi byggingar
- Gatnakerfi Akureyrarbæjar: Gata, gangstétt

## GREINARGERÐ

Samkvæmt samkomulagi, sem Akureyrarbær og húseigendur við Melateig hafa gert sín í milli, er gerð sú breyting á deiliskipulagi reits 3 á Eyrarlandsholti, Melateig, að Akureyrarbær yfirtekur opið svæði (skilgreint sem leiksvæði), akstursleiðir og gangstéttar.
Jafnframt eru gerðar nokkrar leiðréttingar á deiliskipulagsuppdrætti til samræmis við framkvæmd en við veitingu byggingarleyfa voru gerð nokkur minni háttar frávik frá deiliskipulaginu, sem þó voru í samræmi við meginlínur þess. Á þeim tíma þótti ekki ástæða til formlegrar breytingar á deiliskipulagi þar sem frávikin vörðuðu aðeins aðila innan sömu lóðar. Reiturinn telst fullbyggður. Ekki er gerð breyting á skilmálum deiliskipulagsins.

Breytingar á meginatriðum:
- Afmörkuð gata og gangstéttar í gatnakerfi Akureyrarbæjar innan lóðar-innar.
- Afmörkuð eru opin óbyggð svæði innan lóðar þar sem áður var leiksvæði og jaðarsvæði við Miðteig.
- Sett er kvöð um almennan gangstíg, gangstétt, yfir sérafnotahluta á lóðum nr. 33-41 samsíða akbraut en innan við bílastæði.
- Sett er kvöð um stofnlagnir innan sérafnotahluta lóða.
- Gerð akstursstenging, innakstur (einstefna), frá Miðteig.
- Leiksvæði innan lóða nr. 33-41 sýnd með táknum.

Leiðréttingar og samræming við framkvæmd:
- Aðkomuleið frá Hringteig færð til suðvesturs.
- Byggingarreitir fjölbýlishúsa meðfram Hringteig samræmdir hönnun.
- Byggingarreitur bílskúra færður lítillega til samræmis við framkvæmd.
- Fjöldi íbúða á byggingarreit húss nr. 17-21 verður 3 í stað 4. Byggingar-reitur styttur til samræmis við fækkun íbúða.
- Fjöldi íbúða á byggingarreit húss nr. 23-31 verður 5 í stað 4. Byggingar-reitur húss nr. 23 lengdur til suðurs til samræmis við framkvæmd.
- Byggingarreitir húsa nr. 7-9 og 11-13 samræmdir framkvæmd. (Nr. 9 og 13 lengdir, nr. 7 og 11 styttir.)
- Byggingarreitir húsa nr. 1-3 og 5-7 lagaðir að húsformi.
- Mörk sérafnotahluta til einkanota jarðhæðaríbúða í húsum nr. 33-41 samræmd húsahönnun.
- Mörk sérafnotahluta til einkanota á raðhúsalóðum sett inn í samræmi við mæliblað.

Framsetningu er breytt lítillega til einföldunar.
- Bílastæði innan lóða og fjöldi þeirra er nú táknaður með þríhyrningi í stað nákvæmrar afmörkunar.
- Grunnkort endurnýjað. Núverandi byggingar sýndar.

Deiliskipulag reits 3 á Eyrarlandsholti var upphaflega samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 7. 9. 1999.
Skipulagsbreytingin fellur ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana.

---

Deiliskipulagsbreyting þessi var auglýst skv. 1. mgr 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. frá __________ til __________.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann ________________.

________________________
bæjarstjórinn á Akureyri

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í B-deild Stjórnartíðinda ________________.

# Deiliskipulag Eyrarlandsholts, reitur 3. Melateigur

BREYTING
Breytt afmörkun lóða o.fl.

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar Mælikvarðar 1:1.000, 1:10.000 Dags. 4. september 2009

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí